


**HAFNARFJÖRÐUR**

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3/12 2014
Málsnr:	1405118
Bréfal:	652.2

Landsnet  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Hafnarfjörður, 2. desember 2014.

### Línur Landsnets í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og umsókn um framkvæmdaleyfi

#### I. Almenn

Þann 25. ágúst 2009 gerðu Hafnarfjarðarbær og Landsnet með sér samkomulag um núverandi og nýjar línur Landsnets innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Samkomulagið gerði m.a. ráð fyrir því að Hamraneslínur 1 og 2 yrðu teknar niður í fyrsta áfanga framkvæmda Landsnets sem átti að vera lokið árið 2011. Öðrum áfanga, sem m.a. fól í sér niðurrif Suðurnesjalínu 1, átti að vera lokið árið 2015. Þriðja áfanga, sem m.a. fól í sér niðurrif Ísallína frá Hamranesi að Álveri og jarðtengingu tengivirkisins Hamraness (sem þá átti að breytast í dreifistöð) við nýtt tengivirki í Hrauntungum, átti að ljúka árið 2017.

Í 6. gr. samkomulagsins eru ákveðnir fyrirvarar. Landsnet setti fyrirvara um að breytist forsendur fyrirtækisins verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmdanna, t.d. verði hætt við orkufrekan iðnað, sé fyrirtækinu í sjálfsvald sett hvort ráðist verði í framkvæmdir eða ekki. Skal þá hefja viðræður um málið til að lágmarka tjón aðila. Hafnarfjarðarbær gerði fyrirvara um að breyttar forsendur, varðandi aukinn flutning orku til álversins, kostnað eða tæknilega lausnir, verði teknar upp viðræður um endurnat á forsendum þess að leggja raflínur í lofti í Álverið.

Hafnarfjarðarbær skuldbatt sig til að almenna flutningskerfið mætti standa óbreytt í 20 ár frá því hver lína væri tekin í notkun. Þá er tekið fram „Ef samfellt byggð á svæðinu þróast þannig að háspennulínur hamli verulega frekari þróun byggðar á einhverjum hluta línuleiðarinnar eru aðilar sammála um að sá hluti raforkukerfisins verði færður fjær byggð, ef til þess fást tilskilin leyfi.“ Tekið er fram að línurnar verði færðar eða lagðar í jörðu. Landsnet beri kostnað við þetta. Þá segir að með verulegri hömlun á þróun byggðar eigi aðilar að vera við svæðið verði ekki skipulagt fyrir íbúðabyggð á eðlilegan hátt vegna staðsetningar háspennulínunnar.



## HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær og Landsnet gerðu viðauka við samkomulag þetta sem dagsettur er 25. október 2012.

Í 1. gr. viðaukans er vísað til fyrirvara Landsnets í samkomulagi aðila. Í 2. gr. kemur fram að breyta verði áætlunum samkomulagsins um framkvæmdatíma og einstaka verkþáttum innan hvers áfanga. Ekki sé hægt að tímasetja hvenær framkvæmdunum ljúki né í hvaða röð þær verði unnar en aðilar hafi rætt saman skv. 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins.

Í 3. gr. kemur fram að Hafnarfjarðarbær hafi lagt megináherslu á niðurrif Hamraneslína 1 og 2 þar sem þær hafi veruleg áhrif á þróun íbúðarbyggðar sem Hafnarfjarðarbær hafi lagt verulegan kostnað í. Þetta fari saman við meginstefnumörkun Landsnets.

Í 4. gr. segir:


*„Landsnet hafi upplýst Hafnarfjarðarbæ um þá ákvörðun sína að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir við niðurrif Hamraneslínu 1 og 2 og að undirbúningur þeirra hefjist eigi síðar en árið 2016 þannig að unnt sé að fjarlægja Hamraneslínu 1 og 2 eigi síðar en árið 2020.“*

### II. Ósk um upplýsingar og viðræður

Fyrir liggur að tímaáætlanir sammings aðila frá 25. ágúst 2009 hafa ekki staðist af hálfu Landsnets. Í 2. mgr. 6. gr. sammingsins eru viðtækir fyrirvarar af hálfu Landsnets. Þar kemur fram að félagið áskilji sér rétt til að ráðast ekki í framkvæmdir breytist forsendur fyrirtækisins verulega varðandi efnahagslegar forsendur framkvæmdanna.

Eins og Landsneti er kunnugt hefur frestun á niðurrifi Hamraneslína 1 og 2 haft þau áhrif að sveitarfélagið getur ekki úthlutað lóðum í Skarðshlíð. Þau hverfi eru tilbúin til úthlutunar og gatnaframkvæmdum og öðrum nauðsynlegum framkvæmdum að fullu lokið.

Í ljósi framangreinds er þess farið á leit við Landsnet að félagið geri Hafnarfjarðarbæ ítarlega grein fyrir því; í fyrsta lagi, í hverju hinar breyttu aðstæður eru fólgnar sem leitt hafa til þess að áætlanir Landsnets hafi breyst og í öðru lagi, hvernig þær eru verulegar varðandi efnahagslegar forsendur verkefnisins. Í þessu sambandi vill Hafnarfjarðarbær leggja áherslu á að sveitarfélagið telji ekki augljóst, að þótt einhverjar breytingar hafi orðið, hafi það áhrif á alla framkvæmdina. Mismunandi forsendur geti verið fyrir mismunandi hlutum hennar. Í ljósi áhrifa þess sem þetta hefur á sveitarfélagið er nauðsynlegt að Landsnet geri grein fyrir þessu.



## HAFNARFJÖRÐUR

Í 6. gr. samnings aðila kemur fram að komi staða sem þessi upp, skuli aðilar taka upp viðræður um málið til að lágmarka tjón aðila. Í ljósi þess að Landsnet hefur nú óskað eftir leyfi til að ráðast í hluta þeirra framkvæmda sem fyrsti áfangi tók til telur Hafnarfjarðarbær nauðsynlegt og eðlilegt, og í samræmi við niðurlag 2. mgr. 6. gr. samningsins, að áður en leyfi verði veitt og þegar Landsnet hefur svarað fyrirspurn sveitarfélagsins, setjist aðilar niður og ræði framhald framkvæmda og mögulegar breytingar á samningnum, m.a. til að lágmarka tjón Hafnarfjarðarbæjar. Engu breytir þar um þótt aðilar hafi áður rætt saman vegna viðaukans.

Viðræður eru að mati Hafnarfjarðarbæjar einnig nauðsynlegar í ljósi 4. mgr. 6. gr. samkomulagsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Hafnarfjarðarbæjar

Haraldur L. Haraldsson,  
bæjarstjóri.

Fylgiskjöl:

Ljósmyndir frá Skarðshlíðinni